

Fundargerð 142. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2022, þriðjudaginn 8. nóvember kl. 11:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Arnarson, Róslín Alma Valdemarsdóttir, Lilja Björg Ágústsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir og Helgi Grímsson.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Anna Ingadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svala Kristín Hreinsdóttir sérfræðingur og Svandís Ingimundardóttir sem ritaði fundargerð.

Róslín Alma Valdemarsdóttir og Lilja Björg Ágústsdóttir taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Lilja Björg sat fundinn undir dagskráliðum nr. 3, 5 og 6. Helgi Arnarson boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fræðslumálanefnd 2022-2026 -erindisbréf - 2210009SA

Erindisbréf fyrir fræðslumálanefnd 2022-2026 lagt fram til kynningar og umræðu.

Farið yfir hlutverk og verksvið fræðslumálanefndar og kallað eftir athugasemdum varðandi inntak erindisbréfsins. Rætt var um að gera þyrfti breytingar á erindisbréfi í samræmi við breyttar áherslur í stefnumörkun sambandsins og í takti við áherslur farsældarlaga. Skólamálafulltrúi og félagsþjónustufulltrúi munu leggja til breytingar á erindisbréfum beggja nefnda fyrir næsta fund.

2. Stefnumörkun sambandsins 2022-2026 - 2203042SA

Drög að stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026 í málefnum um Menntun og velferð barna.

Valgerður Rún Benediktsdóttir (VRB) fór yfir vinnulag við stefnumörkun sambandsins, aðkomu landsþings og stjórnar sambandsins o.fl. Stjórnin á vinnufund 21. nóv. nk. þar sem leggja á lokahönd á stefnumörkunina og verður hún birt opinberlega í framhaldinu. Þá nefndi VRB að nefndir sambandsins hefðu það hlutverk að vera ráðgefandi við stjórn og starfsemi sambandsins og því mikilvægt að fá athugasemdir og skoðanir nefndarmanna á þeim hluta er varðar málefni barna á þessum tímapunkti. VRB fór yfir þau markmið á fundinum og fram komu gagnlegar ábendingar sem brugðist verður við.

3. Samtök framhaldsskóla á Norðurlandi eystra - Samnor ályktun - 2211004SA

Ályktun frá Samnor og fræðslustjórum á Norðurlandi eystra um seinkun á innritunarferli.

Lögð var fram ályktun frá Samtökum framhaldsskóla á Norðurlandi eystra og fræðslustjórum (sveitarfélaga) á svæðinu þar sem mótmælt er seinkun á innritunarferli

grunnskólanema í framhaldsskóla með tilheyrandi óhagræði fyrir nemendur og starfsfólk. Fræðslumálanefnd hvetur Skólastjórafélag Íslands og Skólameistarafélaga Íslands í samráði við Menntamálastofnun að vinna að lausn málsins.

Sameiginlegt mál fræðslumálanefndar og félagsþjónustunefndar.

4. **Sveitarfélagaskólinn - námskeið fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga - 2009030SA**

Sveitarfélagaskólinn, stafræn og gagnvirk fræðsla fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga.

Valgerður Freyja Ágústsdóttir (VFÁ) kynnti Sveitarfélagaskólann og þau námskeið sem þegar eru komin þar inn og gagnast geta nefndarfólki og embættismönnum sveitarfélaga ekki síður en sveitarstjórnarfólki. Áhugi á námskeiðunum hefur verið mikill og almenn ánægja með þetta nýja fyrirkomulag. Hvatti VFÁ nefndarmenn til þess að kynna sér Sveitarfélagaskólann og greindi frá því að unnið væri að sérstökum námskeiðsmódúlum fyrir einstaka nefndir.

Sameiginlegt mál fræðslumálanefndar og félagsþjónustunefndar.

5. **Áform um heildarlög um skólaþjónustu - 2210043SA**

Áform eru uppi um setningu laga um heildstæða skólaþjónustu þvert á leik-, grunn- og framhaldsskólastig. Sambandið hefur sent inn umsögn í samráðsgátt stjórnvalda um það mál. Málið verður tekið til umræðu og umsögnin lögð fram til kynningar.

Skólamálafulltrúi (SI) greindi frá áformaskjali um heildarlög um skólaþjónustu sem birt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda. Stefnt er að því að heildstæðri skólaþjónustu leik-, grunn- og framhaldsskóla verði komið á og aðgengi tryggt óháð búsetu. Þá verði Menntamálastofnun (MMS) í núverandi mynd lögð niður og nýrri þjónustustofnun komið á laggirnar, í anda Barna- og fjölskyldustofu, sem hafi ráðgefandi og styðjandi hlutverk við sveitarfélög og skóla sem meginmarkmið. Mats- og eftirlitshlutverki MMS verður komið til mennta- og barnamálaráðuneytis til að byrja með.

Guðjón Bragason, sviðsstjóri bætti við að einnig væri nú aðgengilegt áformaskjal um endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til einföldunar sem vonandi myndu styðja við fyrrgreind áform um heildstæða skólaþjónustu. Þessar breytingar verða væntanlega kynntar og ræddar á fundum nefndanna síðar í vetur.

Nefndarmenn fögnuðu áformunum og töldu þau löngu tímabær. Vakta þurfi tillögur og leiðir að fjármögnun þessara umfangsmiklu breytinga eins og þau munu birtast í fjármálaáætlunum næstu ára. Þá var nefnt að eðlilegast væri að ein gæða- og eftirlitsstofnun sæi um bæði velferðar- og menntamálin í framtíðinni.

Sameiginlegt mál fræðslumálanefndar og félagsþjónustunefndar.

6. **Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna - innleiðing - 2210032SA**

Innleiðing laga um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna er hafin. Rætt verður um stöðu innleiðingar og framgang.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2021086.html>

Reglugerð um tengiliði og málstjóra:
<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=864aa86c-d80d-4865-b09b-a5875ddeeb85>

Svala Hreinsdóttir (SH) fór yfir stöðu og framgang mála við innleiðingu nýrra laga um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna og hafði í því skyni samband við fulltrúa sveitarfélaga og einn fulltrúa frumkvöðlasveitarfélags. En fjögur frumkvöðlasveitarfélög taka þátt í innleiðingarhóp um samstarfi um innleiðingu sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu (BOFS).

Fram kom að skv. upplýsingum frá BOFS eru um 80% sveitarfélaga þegar komin af stað með innleiðingu laganna. Sambandið mun funda með BFS fljótlega til þess m.a. að skýra betur hlutverk þess varðandi stuðning við sveitarfélögin í samræmi við stefnumörkun þess.

Rætt var um að varpa þyrfti skýrara ljósi á hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við innleiðingu laganna. VRB fór yfir verkefni sjóðsins til þessa vegna útdeilingar fyrsta hluta fjármagnsins til sveitarfélaga, 1,1 milljarður króna, og þau viðmið sem til grundvallar henni lágu. Voru þeir fjármunir eyrnamerkir tengiliðum og málstjórum.

Fundi var slitið kl. 14:00

Helgi Arnarson

Róslín Alma Valdemarsdóttir

Lilja Björg Ágústsdóttir

Kristín Jóhannesdóttir

Helgi Grímsson

